Nr. 17-187 S 135 Austri farþegabátur

Strandar í Breiðafirði

Skipaskr.nr. 6275
Smíðaður: Mótun, 1981, trefjaplast.
Útgerð: Hulda Hildibrands ehf.
Stærð: 5,83 brl 5,74 bt.
Mesta lengd: 8,58 m *Skráð lengd:* 8,56 m
Breidd: 2,53 m *Dýpt:* 1,43 m
Vél: Volvo Penta, 119 KW, 1995
Fjöldi skipverja: 1
Fjöldi farþega: 7

Austri © NN

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2017 var Austri á siglingu með farþega á Breiðafirði. Veður: A 9 m/s. Sjávarhæð 3,3 m og útfall.

Austri lét úr höfn í Stykkishólmi um kl. 13:10 í skoðunarferð með sjö farþega og ungabarn. Á siglingunni til baka var siglt meðfram og austur fyrir Skorey, sem er um 1,5 sml austur af Stykkishólmi, þar sem Austri strandaði um kl. 14:15 á stað, 65°04'639N og 022°39'964V. *(Sjá mynd 1)*



Mynd 1 Kortið (nr. 37) sýnir feril og strandstað

Við strandið slasaðist einn farþeginn lítillega en sauma þurfti nokkur spor á höfði hans.

Mynd 2 Austri eftir strandið og farinn að leka

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga á VHF rás 16 og björgunarsveitir á Snæfellsnesi voru ræstar út ásamt fjölda skipa á svæðinu og þyrlu LHG.

Þegar fyrstu aðilar komu á vettvang var leki kominn að bátnum en farþegarnir voru þá komnir í gúmmíbjörgunarbát ásamt skipstjóra. Farþegaskipið Særún kom fyrst á vettvang og var ákveðið að draga gúmmíbjörgunarbátinn að Arnari SH sem kominn var á vettvang. Sökum þess hversu hátt var upp í það skip var gúmmíbjörgunarbáturinn dregin að Særúnu og fólkið tekið þar um borð. Ekki reyndist þörf fyrir aðstoð þyrlu.

Um kl. 15:00 var allt fólkið, sem var orðið kalt, komið um borð í farþegaskipið Særúnu sem sigldi með það til Stykkishólms þar sem það fékk aðhlynningu og læknishjálp.

Mynd 3 Sjöfn SH 707 dregur Austra til hafnar

Um kl. 15:15 var Austri dreginn á flot af Sjöfn SH 707 sem jafnframt dró hann til Stykkishólms þar sem hann var hífður á land.

Rifa kom á bátinn u.þ.b. 25 cm fyrir neðan sjólínu fremst á kjölnum, annað gat kom á bolinn undir miðju stýrishúsi auk þess sem drifið skemmdist. Sjór lak inn á vél bátsins þegar hann var dreginn í land.

Mynd 4 Skemmdir á kjöl að framan og á skrúfubúnaði

Mikill sjór komst inn í stýrishús og skemmdi rafmagnsbúnað en vélarúmið sjálft var þurrt.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi sig hafa verið á um 14 hnúta ferð þegar hann sigldi eftir landsýn á skerið en hann kvaðst hafa haft sjókort nr. 42 *(mynd 5)* fyrir framan sig með leiðréttingu frá 1993. Hann kvaðst vera vanur á þessu svæði;



Mynd 5 Myndin sýnir skerin austur af Skoreyjum í korti nr. 42

- að siglingatæki sem voru í gangi voru Simrad nns7 plotter, Garmin GPS, AIS tæki og dýptarmælir;
- að skipstjórinn sagði að skerið hafi ekki verið merkt í rafrænan Navionics kortagrunn hjá honum sem hann hafði fengið hann nýjan í mars 2017. Hann hafði ekki gert uppfærslusamning fyrir grunninn og það því ekki uppfært. Eftir atvikið og uppfærslu á grunninum var skerið komið inn á kortið;
- að samkvæmt upplýsingum frá Sjómælingasviði Landhelgisgæslu Íslands (LHG) var ekki hægt að sjá að Navionics seldi opinber rafræn sjókort (ENC) þeirra til notkunar í sínum siglingakerfum né að Austri hafi verið með áskrift að uppfærslum;
- að samkvæmt upplýsingum frá Sjómælingsviði LHG var 1. júní 2015 gefin út *„Tilkynning til sjófarenda“* þar sem sjófarendum var gert að setja inn tákn fyrir tvö sker við Skoreyjar. Eftir það leit svæðið svona út á rafrænu korti *(sjá mynd 6);*

Mynd 6 Leiðrétt rafrænt sjókort sem sýnir sker austur af eynni

- að skipstjórinn kvaðst hafa vitað af skeri þarna en talið það vera nær eynni en þetta sker væri ekki í korti og utar. Mynd nr. 7 sýnir strandstaðinn settan út í rafræna kortið;



Mynd 7 Strandstaður fyrir utan merkt sker

- að eins og fram kemur á mynd 7 þegar staðsetning strandstaðar var sett inn á rafræna kortið virðist báturinn vera og stranda utan þess. Á loftmynd *(mynd 8 og 9)* sést vel lögun skersins og þegar rafrænar merkingar um sker hafa verið settar inn;

Mynd 8 Loftmynd sýnir lögun skersins austur af Skorey



Mynd 9 Rafræn merking á skeri og strandstaður (rauður kross)

- að samkvæmt upplýsingum frá Sjómælingasviði LHG merkir stjörnukross í rafrænum kortaútfærslum óhreint svæði en ekki nákvæma staðsetningu allrar lögunnar viðkomandi skers;
- að á mynd 10 hefur strandstaður verið settur inn á kort *nr. 37 Hjörsey – Stykkishólmur.* Samkvæmt sjómælingasviði LHG er þetta nákvæmasta sjókortið og er í mælikvarða 1:100.000. Fram kom einnig hjá þeim að framsetning upplýsinga á sjókorti í þessum mælikvarða væru yfirleitt háð vissri og óhjákvæmilegri einföldun enda leyfði pláss t.d. ekki tvö skerjatákn

austan Skoreyja þó þau væru í raun tvö. Skerin liggja það þétt saman að eitt tákn dekkar svæðið sem þau ná yfir.



Mynd 10 Skerjatákn og strandstaður í sjókort nr. 37

- að við búnaðarskoðun skipa er liður á skoðunarlista skoðunaraðila fyrir Siglingabúnað merktur með nr. 3405 *„Sjókort og tæki til útsetningar“*. Samkvæmt „Túlkun og Verklýsingu“ við þennan skoðunarlið kemur eftirfarandi fram: *„Ef rafræn sjókort eru til staðar og þau uppfærð er ekki gerð krafa um að hefðbundin sjókort séu uppfærð“*. Annars eru skilgreiningar á dæmingum þannig að: *„Sjókort af farsviði skipsins og áhöld til útsetningar skulu vera um borð“*.
- að við athugun hjá Samgöngustofu kom eftirfarandi fram: *„Í þeim skipum sem eru með og nota viðurkennd rafræn sjókort er skoðað hvort nýjustu uppfærslur hafa borist. Hér er um að ræða „ECDIS“. 6275 AUSTRI er ekki með þennan búnað. Sjálfsagt er „plotter“ um borð sem er með innbyggðum rafænum sjókortum. Margar gerðir af rafrænum sjókortum eru í gangi og fengin allstaðar af mjög svo misjöfn af gæðum, því þurfa þau skip að vera með nýjustu útgáfu eða uppfærð reglulega, sjókort í pappírsformi og siglingaráhöld til útsetningar í þau“;*
- að 1. júní 2015 var gefin út *„Tilkynning til sjófarenda“* þar sem sjófarendum var gert að setja inn tákn fyrir tvö sker við Skoreyjar, þar á meðal þetta sker;
- að í máli nr. 10313, þar sem skip strandaði á sama grunni, sem afgreitt var í febrúar 2014 gerði nefndin eftirfarandi tillögu í öryggisátt: *„Nefndin hvetur til að haldið verði áfram með markvissar sjómælingar í Breiðafirði“* Fram kom hjá Sjómælingasviði LHG að áætlun um dýptarmælingar í Breiðafirði lægi fyrir, mælingar í gangi í norðurhluta hans og viðeigandi leiðréttingar sendar út í *Tilkynningum til sjófarenda* á viðkomandi sjókortum;
- að við strandið lét skipstjóri alla farþega fara í björgunarvesti;
- að skipstjóri tilkynnti ekki um brottför úr höfn né lét hann vita hvað margir voru um borð í bátnum;
- að haffærisskírteini og farþegaleyfi bátsins runnu út 25. desember 2017. Skipstjórinn kvaðst ekki hafa vitað af því;

- að ekki hafði verið lögskráð á bátinn síðan 19. október 2017.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var óvarleg sigling á viðsjárverðu svæði og örugg siglingaleið ekki tryggð.

Nefndin átelur að haffærisskírteini hafi verið útrunnið og lögskráning í ólagi.

Sérstök ábending:

Nefndin ítrekar að ekki eru öll rafræn siglingakort viðurkennd sem öruggur siglingabúnaður.